



Er háskólabóla á Íslandi?

10. apríl 2013

Páll Skúlason



Undirstöðustofnanir

- **Háskólar:** Heimsvæðing þekkingar (hugmynda, kenninga, hugtaka)
- **Þjóðríki – alþjóðastofnanir & alþjóðafélög:** Alþjóðavæðing pólitískra siða og ósiða
- **Bankar:** Hnattvæðing hluta og fyrirbæra sem hægt er að kaupa fyrir peninga

Ábyrgð háskóla, þjóðríkja og banka



- Háskólar bera ábyrgð á hugmyndum og þekkingu
- Þjóðríkin bera ábyrgð á samfélaginu
- Bankar bera ábyrgð á peningum og fjármunum

Hlutverk háskóla

- Kenna: nemendur koma með kunnáttu sína og bæta við hana með náminu
- Rannsaka: kennarar og nemendur leita nýrrar þekkingar
- Varðveita: viðhalda þekkingu og góðum fræðilegum vinnubrögðum – votta gildi kunnáttu og kenninga

Hlutverk banka

- Innlán og útlán: tekur á móti fé og lánar fé til framkvæmda einstaklinga og fyrirtækja
- Fjárfesting: ávöxtun peninga viðskiptavina og bankans
- Varðveita: gæta verðgildis peninga og annarra fjármuna – votta gildi peninga og ávísana



Tegundir háskóla og banka

- Kennsluháskólar
- Rannsóknaháskólar
- Viðskiptabankar
- Fjárfestingabankar



Undanfari bankabólunnar

- Áhersla á gildi peninga, að afla þeirra og nota til að verða ríkari
- Fjárfestingahlutverk bankanna varð allsráðandi
- Bankamenn lögðu línurnar ekki aðeins í efnahagslífi, heldur líka í stjórnámálum og menningu

framhald



- Spákaupmennska með peninga, verðbréf, hlutabréf sem áttu að vera ávísanir á raunveruleg verðmæti
- Bankakerfið fór að snúast um sjálft sig, ekki þjónustuna við framleiðslu og viðskipti
- Í ljós kom að verðmæti banka og verðbréfa sem þeir áttu var metið langt umfram það sem raunhæft var



Undanfari háskólabólu

- **Taumlaus ásókn í háskólagráður sem eiga að veita aðgang að vellaunuðum störfum**
- **Rannsóknir af öllu tagi eru taldar eftirsóknarverðar**
- **Atvinnulausu fólki með háskólapróf fjölgar stöðugt**
- **Framleiðsla fræðiritgerða stóreykst**

Spurningar varðandi hugsanlega háskólabólu



- Er framleiðsla fræðikenninga, greina, tilrauna, niðurstaða til marks um dýpri skilning á veruleikanum – eða einungis um aukin afköst?
- Snýst fræðastarf háskólanna meira um sjálft sig en að tefla fram frjóum hugmyndum sem breyta skilningi okkar og tökum á heiminum?
- Eru háskólar að útskrifa hæfari nemendur og skapa betri vísindi og fræði – eða er þeir á valdi veruleikafirringar?

Spurning og svar



- Hvað þarf til að hindra háskólabólu?
- Háskólarnir hugi skipulega að siðferðilegum forsendum sínum og ræki menntahlutverk sitt sómasamlega

Magna Charta Universitatum



- 900 ára afmæli Bologna háskóla 18. september 1988
- Yfirlýsing um sameiginlega stefnu og siðferðilegar forsendur háskóla
- Sigmundur Guðbjarnason rektor Háskóla Íslands undirritaði hana



Yfirlýsing MC í þremur hlutum

- Meginhlutverk háskóla
- Meginreglur háskólastarfs
- Starfshættir og starfsskilyrði

Hlutverkin ...



➤ Háskólar eru kallaðir til að þjóna mannkyni vegna þess að framtíðin er háð þróun menningar, vísinda og tækni sem á sér stað í háskólum.



.. framhald

- Háskólar nútímans eigi að miðla þekkingu ekki aðeins til yngri kynslóða heldur til samfélagsins í heild, því að menningarleg, félagsleg og efnahagsleg framtíð samfélagsins krefst kostnaðarsamrar símenntunar.
- Háskólar verða að veita komandi kynslóðum menntun og þjálfun sem kennir þeim að virða náttúruna og lífið sjálft.



Trúin á þekkinguna

- Þekkingin sem háskólar afla, varðveita og miðla á að tryggja framtíðarhagsmuni þjóðfélagsins og virðingu fyrir lífríki jarðar.
- Þekkingin sjálf skoðuð sem grundvallargæði sem háskólunum er treyst til að þróa og sjá til að nýtist til heilla fyrir mannkynið allt.

Er þessi trú réttmæt?

- Vísindaleg þekking: skilningur, sannreyndir, samkvæmni
- Tæknileg þekking: áhrifamáttur, skilvirkni, hagkvæmni
- Siðferðileg þekking: réttisýni, samheldni, víska

Spurning: Hvaða þáttur þekkingar skiptir mestu?



Meginreglur háskóla ...

- Fyrsta reglan er sú að háskólar vinni markvisst að því að vera siðferðilega og hugmyndalega óháðir pólitískum yfirvöldum og efnahagslegum öflum.
- Önnur reglan er sú að kennsla og rannsóknir séu órjúfanlega tengdar í starfi háskólanna.

... framhald



- Þriðja reglan: kennarar og nemendur njóti frelsis til að nema, rannsaka og kenna það sem hugur þeirra stendur til og með þeim hætti sem þeir ákveða sjálfir.
- Fjórða reglan: háskólarnir varðveiti hina húmanísku hefð Evrópu og leiti þekkingar sem sameinar menn og þjóðir ofar öllum landamærum um leið og hún staðfestir þörf okkar á að kynnast og læra hvert af öðru.

Starfshættir og starfsskilyrði háskóla



- Viðunandi aðbúnaður til frjálsrar öflunar, miðlunar og varðveislu þekkingar sé tryggður
- Kennarar verði ráðnir með rannsóknar- og kennsluskyldu
- Nemendum sé tryggt frelsi og viðunandi aðstæður
- Háskólar skulu skiptast á upplýsingum og gögnum og vinna skipulega saman

Megindygðin



Háskólafólk vinni saman og læri hvert af öðru

Þess vegna skiptir öllu máli að efla háskólana sem samstarfsvettvang fræðimanna sem hafa sífellt í huga þá köllun háskólanna að vinna markvisst að menntun sem nýtist framtíðinni – heimsvæðingu þekkingar.

Hugsjón Magna Charta kallar á



Skipulega fræðslu um skyldur og hlutverk háskóla, sjálfstæði þeirra, akademískt frelsi, tengsl rannsókna og kennslu, um hina húmanísku hefð sem háskólunum er treyst til að rækta og miðla til komandi kynslóða.

Húmanísk menntun í þremur þáttum



Fyrsti þáttur:

Skilja þau efnahagslegu, pólitísku og menningarleg öfl sem eru að verki í veruleika okkar og hafa áhrif á þróun fræðanna.

Húmanísk menntun í þremur þáttum



Annar þáttur:

Þjálfun í gagnrýninni hugsun, ekki aðeins á tilteknu fræðasviði, heldur til að greina, túlka og meta alls kyns gögn og upplýsingar úr samfélaginu og úr öðrum fræðum en manns eigin sérgrein.

Húmanísk menntun í þremur þáttum



Þriðji þáttur:

Í öllu háskólastarfi verði athygli beint að siðferðilegum markmiðum allra akademískra greina.



Spurning

- Starfa íslenskir háskólar í anda Magna Charta yfirlýsingarinnar?



Þökk fyrir áheyrnina!